

Aðalfundur ÍPS 05.01.2023 – kl 19:00

Mættir úr stjórn eru Ásgrímur Harðarson, Matthías Örn Friðriksson, Björn Steinar Brynjólfsson og Sigurður Aðalsteinsson.

Fjarverandi: Gylfi Þór Gylfason og Guðmundur Gunnarsson

Félagsmenn mættir:

Viðar Valdimars, Brynja Herborg, Sigurjón Hauksson, Hilmar Hönnuson, Vitor Charrua, Kamil Mocek, Halli Egils, Ingólfur, Sumarliði, Árni Ágúst, Pétur Rúðrik Guðmundsson, Petrea KR

Karl Helgi, Alex, Máni, Sveinn Skorri, Þórhallur Viðarson, Fannar, Ingibjörg, Friðrik Diego, Þorvaldur, Þorgeir Guðmundsson, Magnús Gunnlaugs

Fjarfundur:

1 aðili úr Pílufélagi Reykjanesbæjar Sigrún Ingólfsdóttir

12 aðilar úr Pílufélagi Akureyrar

Davíð Örn, Björk, Markús, Sigurður Brynjar, Friðrik, Óskar Jónasson, Snæbjörn Ingi, Sigurður Þórisson, Garðar Þórisson, Ingi Þór, Sigurður Fannar og Jason Wright

Helgi Pjéttur félagi úr PFH

Atli og Reynir koma inn kl 20:30

Verðlaun afhent fyrir Pílukastara Ársins 2022

Matthías Örn Friðriksson karla

Ingibjörg Magnúsdóttir kvenna

Fyrsta mál á dagskrá.

Fundarstjóri og fundarritari

Petrea KR Friðriksdóttir kosinn sem fundarstjóri

Björn Steinar Brynjólfsson kosinn fundarritari

1. Skýrsla Stjórnar lögð fram sem Forseti ÍPS fer yfir með félagsmönnum.

2. Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga

Yfirlit var dreift á borð fyrir félagsmenn og farið yfir

Athugasemd: 21% fyrir verðlaun er svolítið há og má skoða fyrir nýja stjórn - **Svar Stjórnar:** Að

Peningaverðlaun sem hefur ekki verið áður og er því stærsti parturinn sem útskýrir þennan kostnað.

Ásgrímur Harðarson segir frá til nýrrar stjórnar að Fannar verðlaun er að hætta og vill bjóða okkur 50% afslátt á verðlaunum og bikarar sem vert er að skoða fyrir nýja stjórn.

Athugasemd úr sal: Hvort það sé ekki nóg að fá verðlauna pening en ekki bikara.

Reikningar bornir undir atkvæði

3 manns sitja hjá

Allir aðrir samþykkja reikning ÍPS

3. Ákvörðun um árgjald aðildarfélaga til ÍPS

Að halda gjaldi óbreyttu 4000.kr

Einróma samþykki

4. Breytingatillaga 9. Grein umræða um breytingu Helgi

Pjétur með rök um breytinguna.

• Fyrir:

- Stjórn sambandsins skipa 5 manns og skal kosið til tveggja ára í senn:
 1. Forseti, ritari verða kosnir á sléttum ártölum
 2. Gjaldkeri, varaforseti og einn meðstjórnandi verða kosnir á oddatölu ártölum
 3. Þá skal kjósa einn varamann fyrir stjórn og einn endurskoðanda að reikningum.

• Eftir:

- Stjórn sambandsins skipa 7 manns og skal kosið til tveggja ára í senn:
 1. Forseti, ritari og einn meðstjórnandi kosnir á sléttum ártölum.
 2. Gjaldkeri, varaforseti og tveir meðstjórnendur kosnir á oddatölu ártölum.
 3. Þá skal kjósa einn varamann fyrir stjórn og einn endurskoðanda að reikningum.

Athugasemd:Taka út skal kosið til tveggja ára í senn. Ekki tekið til greina

Kosið um tillögu - 2 sem sitja hjá

Aðrir samþykkja tillögu.

Þar sem ofangreind tillaga er samþykkt þá kom tillaga sem var send inn fyrir fund að Forseta heitið sé tekið út og breytt í formann og varaforseta í varaformann.

3 á móti

6 sem stíja hjá

Aðrir samþykkja - Tillaga samþykkt.

Athugasemd - Þýða formannsheitin og stjórnanda yfir á önnur tungumál.

5. Breytingatillaga 1. Grein. Ágrímur Harðarson

- Fyrir:

- 1. Félagið heitir Íslenska Pílukastsambandið, skammstafað Í.P.S. Lögheimili þess er í Reykjavík

- Eftir:

- 1. Íslenska Pílukastsambandið (ÍPS), er héraðssamband og íþróttabandalag þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í pílukasti á Íslandi.

Athugasemd: Skv. Reglum og lögum að ef þú ferð í héraðssamband þá þurfum við að stofna nýtt ÍPS. ÍPS er sérsamband og væri ekki rétta leiðin

Tillaga dregin tilbaka.

6. Breytingatillaga 3. Grein.

- Fyrir:

- 3. Íslenska Pílukastsambandið er landsfélag pílukastara á Íslandi og fulltrúi íslenskra pílukastara héraðs sem erlendis. Sambandið er, sem slíkt, eitt sinnar tegundar á landinu og áskilur sér jafnframt einkarétt á því hlutverki sem felst í eftirfarandi atriðum:
 - 3.1. Að hafa umsjón með stigalista íslenskra pílukastara, yfirumsjón með stigamótum á Íslandi og að annast val á pílukösturum í landsliði Íslands.
 - 3.2. Að sjá árlega um Íslandsmeistaramót í pílukasti.

- Eftir:

- 3. Íslenska Pílukastsambandið er sérsamband pílukastara á Íslandi, fulltrúi íslenskra pílukastara héraðs sem erlendis. Sambandið er, sem slíkt, eitt sinnar tegundar á landinu og áskilur sér jafnframt einkarétt á því hlutverki sem felst í eftirfarandi atriðum:
 - 3.1. Að hafa umsjón með öllum reglum hjá ÍPS, yfirumsjón með landsliðsþjálfurum og pílukösturum í landsliði Íslands.
 - 3.2. Að sjá árlega um Íslandsmót félagsliða og einmenningi í 501 í pílukasti.

Tillaga: 3.1

17 samþykkja

Sitja hjá

18 ósamþykkt

Tillaga felld

7. Breytingatillaga 4. Grein

- Fyrir:

- 4. Meðlimur Sambandsins er hver sá sem er skráður félagi og hefur greitt félagsgjald hjá pílufélagi með aðild að Í.P.S. Meðlimir sambandsins geta aðeins átt aðild að einu pílufélagi hverju sinni.

- Eftir:

- 4. Meðlimur Sérsambandsins er hver sá sem er skráður félagi og hefur greitt félagsgjald hjá aðildarfélagi sérsambandsins með aðild að Í.P.S. Meðlimir sérsambandsins geta aðeins átt aðild að einu aðildarfélagi hverju sinni. Félagsskipti eru leyfð fyrir hvern ársfjórðung, en hvert aðildarfélag skal senda inn til ÍPS uppfærða félagsskrá fyrir lok hvers ársfjórðungs, 31. mars, 30. júní, 30. sept og 31. des og skila inn greiðslu fyrir hvern leikmann.

29 samþykkja

3 ósamþykktir

10 sitja hjá

Tillaga er samþykkt.

8. Breytingatillaga 10. Grein

- Fyrir:

- 10. Forseti boðar stjórnarfund. Stjórnin getur enga fullnaðarákvörðun tekið nema þrír stjórnarmenn séu henni fylgjandi. Stjórnin hefur umsjón með eignum Sambandsins. Stjórnin getur vikið mönnum úr félaginu álíti hún framkomu þeirra Sambandinu til vansa. Viðkomandi getur þá krafist þess að boðaður verði fundur eða aukaaðalfundur þar sem mál hans verður tekið upp.

- Eftir:

- 10. Formaður boðar stjórnarfund. Stjórnin getur enga fullnaðarákvörðun tekið nema fjórir stjórnarmenn séu henni fylgjandi. Stjórnin hefur umsjón með eignum Sambandsins. Stjórnin getur vikið mönnum úr félaginu álíti hún framkomu þeirra Sambandinu til vansa. Viðkomandi getur þá krafist þess að boðaður verði fundur eða aukaaðalfundur þar sem mál hans verður tekið upp.

33 samþykkja

Enginn á móti

Tillaga samþykkt

9. Breytingatillaga 11. Grein kl 20:30

- Fyrir:

- 11. Stjórninni ber að gæta hagsmuna meðlima Í.P.S. í öllum greinum. Í samræmi við 4. grein þessara laga felst m.a. í þessu, að stjórn Sambandsins skal tímanlega gefa út áætlun um dagsetningar og fyrirkomulag allra stigamóta komandi keppnistímabils. Jafnframt skal fram koma gildandi reglugerð um stigagjöf og val á mönnum í landslið. Áætlunum og reglugerð getur stjórn breytt, en skal kosta kapps við að tilkynna meðlimum Í.P.S. slíkar breytingar.

- Eftir:

- 11. Stjórninni ber að gæta hagsmuna meðlima ÍPS. Í samræmi við 4. grein þessara laga felst m.a. í þessu, að stjórn Sambandsins skal tímanlega gefa út áætlun um dagsetningar og fyrirkomulag allra viðburða ÍPS á komandi keppnistímabili.

18 samþykkja

14 sitja hjá

8 eru á móti

Tillaga samþykkt

Athugasemd: Það sköpuðust miklar umræður eftir að farið var yfir allar breytingatillögur og var rætt að þetta ætti að vera gert miklu fyrr því það þarf að fara vandlega yfir þær ekki bera henda þeim inn rétt fyrir aðalfund og kannski ekki mikið á bakvið breytingar nema bara breyta þeim. Sumar eiga rétt á sér en þetta má skoða betur hjá nýrri stjórn

Tekið var 10 mínútu fundarhlé.

**10. Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðanda
skv. 9 grein sambandsins**

Formaður segir af sér

Meðstjórnandi segir af sér

Kosið er um Gjaldkera og aðra meðstjórnendur

Framboð til Formanns= Enginn býður sig fram

Framboð til Gjaldkera= Enginn býður sig fram

Framboð til Ritara=

Magnús Gunnlaugsson til 2025- **Samþykkt**

Framboð til Varaformanns= Enginn býður sig fram

Framboð til Meðstjórnandi=

Viðar Valdimarsson til 2024 - **Samþykkt**

Helgi Pjetur til 2025 - **Samþykkt**

Brynja Herborg til 2025 - **Samþykkt**

Varamaður

Viktoría Daðadóttir til 2025. - **Samþykkt**

Auka aðalfundur þarf að vera haldin eftir mánuð frá þessari dagsetningu 05.01.2023 Viku 4. 26. Janúar. Til að kjósa nýjan

Formann og aðra stjórnarmeðlimi. Þar sem ekki var framboð í þessar stöður.

Athugasemd: Varðandi tengingar meðstjórnanda að hann geti ekki tekið ákvörðun þegar sú eða sá aðili er tengdur aðila sem þarf að kjósa eða taka ákvarðanir um. Sá aðili myndi þá sitja hjá.

11. Önnur mál.

WDF Nordic Cup 2024 haldið á Íslandi ?

Vill ný stjórn halda þetta mót eða gefa til frændur okkar í Danmörk.

Ingibjörg Magnúsdóttir er í Norðurlandaráði mun hjálpa eða innan handar fyrir stjórn ÍPS.

A. Að afrekssjóður sé stofnaður ?

Að búa regluverk um sjóðinn og úthlutanir og hvernig keppendur geta óskað eftir styrk.

Athugasemd: Við erum í WDF og eigum að hugsa um landslið og það sé sett framfyrir ekki einstaklingsmót sem menn eru að fara á Hugsað sé fyrst og fremst um Landslið og það sé í forgang.

Athugasemd: að þetta ætti að vera undir WDF merkjum

Athugasemd: að það ætti að skoða fyrir Q-School frambærilega spilara

En það þarf auðvitað að skoða þetta með nýrri stjórn.

B. Landsliðferðir greiðslur:

Að ÍPS sé ekki að fullgreiða fyrir leikmenn þeir ættu að greiða eitthvað ákveðið staðfestingargjald að það sé tilbúið að vera með.

C. Níu Pílusjóðurinn.

Er hann óvirkur.?

Skoða regluverk eða hvort það á að leggja eitthvað inná hann eða hvað á að gera við þennan sjóð.

D. Skýrari reglur varðandi Félagssliða keppni. Að aðildarfélög skuli fara eftir reglum sem eru til og séu ekki með ólöglega leikmenn eftir að það er tilkynntur hópur. Þetta kom upp fyrir síðustu keppni þar sem menn voru ekki að virða það að aðeins einn varamaður sé leyfður.

E. 501 í pílukasti er vaxandi sport. Leikmenn eru að horfa til þess að verða betri í Pílukasti og það er að verða betri í 501 Pílukasti. Leikmenn leggja mikinn kostnað til að spila erlendis í 501. Leikmenn eru ekki að ferðast erlendis til þess að spila neitt annað en 501. Við þurfum að stækka 501 enn meira hafa fleiri þannig mót sem ÍPS sér um.

Vil að það sé tekið til skoðunar að 301, Cricket sé tekið af ÍPS og lagt til aðildarfélaga sem væru með umsjá yfir þessum mótum.

Fundi er slitið kl 21:23

Fundarstjóri og Fundarritari munu fara yfir fundargerð og staðfesta með undirritun. Eftir hann er staðfestur þá mun hann vera birtur á félagssíðu www.dart.is Ef engar athugasemdir séu þá sé hann samþykktur af félagsmönnum